



Reykjavík 30.05.2023

153. löggjafarþing 2022–2023. Þingskjal 1244 — 807. mál.

Tillaga til þingsályktunar um þróunaráætlun og tilraunaverkefni fyrir ræktun lyfjahamps og notkun kannabislyfja í lækningaskyni.

Umsögn Hampfélagsins

Hampfélagið fagnar því að þingsályktunartillaga um ræktun og notkun lyfjahamps sé lögð fram og vonum að hún nái fram að ganga en leggjum þó til ákveðnar breytingar.

Hampfélagið leggur áherslu á að vinnsla lyfjahamps sé ekki einskorðað við *Kannabis Sativa* því þar með takmarkast þau yrki sem hægt er að nota í framleiðsluna. *Kannabis Sativa* er planta með lágt gildi THC sem er einmitt það efni sem til þarf í lyfjahampi og því er *Sativa* ekki vænlegt til vinnslu lyfjahamps.

Áriðandi er að leyfi til að nota lyfjahamp sé ekki takmarkað við ákveðna sjúkdóma eins og MS, krabbamein og fleiri algenga sjúkdóm sem nefndir eru í Dönsku leiðinni.

Sem dæmi þá eru til yfir 7000 sjaldgæfir sjúkdómar sem heilbrigðisstarfsmenn vita lítið sem ekkert um. Sjaldgæfir sjúkdómar hafa oft á tíðum fá eða jafnvel engin meðferðarúrræði þ.e.a.s. það eru ekki til sértæk lyf fyrir þessa sjúkdóma og því einungis verið að finna meðferðir við einkennum sjúkdómsins. Lyfjahampur gæti verið gott meðferðarúrræði við einhverjum þessara sjúkdóma og því afar slæmt að útiloka þá með því að nefna aðeins nokkra algenga sjúkdóma sem eiga að hafa aðgang að lyfjahampi.

Dæmi um sjaldgæfa sjúkdóma sem gætu haft gagn af notkun lyfjahamps eru Alternating Hemiplegia of Childhood, Dravet Syndrome, Duchenne Muscular Dystrophy, Tuberous sclerosis complex, Mitochondrial disease, Behçet's disease, Neuromyelitis Optica, Ehlers-Danlos syndrome, Pemphigus, Myoclonus diaphragmatic flutter, Familial Mediterranean fever, CDKL5 deficiency disorder, Williams syndrome ofl.

Læknum ætti að vera treyst til að ákveða hvort lyfjahampur sé notaður sem meðferð fyrir sjúklinga sína burtséð frá nafni sjúkdómsins.

Við leggjum því til að einstakir sjúkdómar séu ekki nefndir svo að fullu jafnræði sé gætt.

Við bjóðum okkur jafnframt fram til þess að koma að starfshópnum sem settur verður á laggirnar komist þessi þingsályktunartillaga á næsta stig.

Virðingarfyllt,

F.h. stjórnar Hampfélagsins

Sigurður Hólmur Jóhannesson

Formaður

hampfelagid.is

hampfelagid@gmail.com